

Skýrsla stjórnar Vatns- og fráveitufélags Íslands, flutt munnlega á ársfundi félagsins.

Kæru félagar í Vatns- og fráveitufélaginu. Ég ætla að stikla á stóru yfir helstu þætti úr starfi félagsins og viðfangsefnum félaga okkar sem rætt hefur verið um á miðlum félagsins.

Aðalfundur síðasta árs var haldinn 19. maí 2022. Hrund okkar Andadóttir stjórnarmaður og prófessor í HÍ, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur Garðabæjar og Tarek Zaqout, þá doktorsnemi og nú nýdoktor við Háskóla Íslands, fluttu erindi tengd ábyrgri meðhöndlun ofanvatns í þéttbýli og áskorunum sem fylgja íslenskum aðstæðum.

Ekki færri en þrjár úthlutanir úr Vísindasjóði Orkuveitu Reykjavíkur síðar um vorið voru til verkefna sem leidd eru af okkar félögum, það er að segja áðurnefndum Tarek Zaqout, Sigurði Grétari Sigmarssyni, stjórnarmanni í VAFRÍS og verkfræðingi á Verkís og Maríu Gunnarsdóttur rannsakanda á sviði drykkjarvatns og tengdra málaflokka. Viðfangsefni verkefnanna eru virkni blágrænna ofanvatnslausna við íslenskar aðstæður og nýmengunarvaldar í drykkjarvatni og skólpi.

Félagið skipulagið vísindaferð í Gvendarbrunna þann 25. ágúst 2022. Heimsóknin var virkilega ánægjuleg að mínu mati og vel sótt í góðu veðri. Færi gafst til að ganga um nágrenni Gvendarbrunna og skoða aðstöðuna og búnaðinn. Auk þess voru sérfræðingar Vatnsveitu Veitna með fræðsluerindi, meðal annars um það sem efst er á baugi í rannsóknum og nýsköpun á þeim bæ.

Að minnsta kosti tvö fráveitutengd erindi hlutu styrk úr byggingarrannsóknasjóðnum Aski við síðustu úthlutun. Bæði voru þau leidd af Ástu Ósk Hlöðversdóttur, félaga í VAFRÍS og verkfræðingi á VSB. Þau tengjast byggingartæknilegum atriðum við hönnun og framkvæmdir við ofanvatnskerfi.

Við lærðum að við félagar í VAFRÍS, og önnur þau sem fást við vatns- og fráveitumál hér á landi, mega vera duglegri við að trana sér fram utan landssteinanna. Almar Barja á Samorku vakti athygli síðastliðið haust á kalli eftir erindum á Norrænu fráveituráðstefnuna en undirtektir voru litlar í þetta skiptið. Ég skora á vatnsveitufólk að byrja að hlaða í framlag fyrir vatnsráðstefnu ársins 2024 og ykkur öll að hvetja hvert annað til þátttöku.

Efla hýsti fræðslufund félagsins um hönnun vatnsveitna með tilliti til slökkvistarfa þann 14. desember 2022. Mér fannst virkilega gaman að taka þátt í að bjóða velkomna félaga okkar austan af landi, og fulltrúa frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fræðandi og spjallið í kjölfarið sérstaklega ánægjulegt yfir góðu heitu súkkulaði úr eldhúsi Eflu.

Félagið eignaðist eigið vefsvæði í desember síðastliðnum. Við þökkum Háskóla Íslands fyrir samstarfið fram að þessu. Í ljósi þess að lénið vafri.is var ekki laust þá tók stjórn ákvörðun um að vísa héðan í frá til félagsins með skammstöfuninni VAFRÍS, og slóðin á vef félagsins er því vafri.is.

Jónas Elíasson, prófessor emerítus og fyrrum stjórnarmaður í félaginu lést í janúar. Sjálfum gafst mér aldrei færi á að kynnast Jónasi, en við þekkjum það öll sem fáumst við hönnun og mótun fráveitukerfa að áhrif hans á málaflokkinn eru ótvíræð. Mér fannst vel við hæfi að minnst hans með því að setja saman metnaðarfulla dagskrá með stjórninni tengda vatna- og straumfræði, sem ég hlakka til að fylgjast með hér á eftir.

Fulltrúar félagsins veittu stjórnvöldum endurgjöf á framlag þeirra til þeirra heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem tengjast vatni, vatnsgæðum og sjálfbærum borgum. Ég tók þátt í vinnunni ásamt Hrund og Baldri Dýrfjörð stjórnarmanni.

Sameinuðu þjóðirnar völdu slagorðið „hröðum breytingum“ fyrir dag vatnsins í vor. Það má túlka með ýmsum hætti. Ég hvet ykkur til að nota það sem ísbrjót í kaffisamsætinu nú á eftir, þegar þið nálgist félaga sem þið hafið ekki talað við áður, eða ekki heyrt frá lengi. Samtöl byggð á því gætu orðið innblástur í fræðslufundi síðar á árinu.

Bestu þakkir fyrir gott starfsár, og ég hvet ykkur til að taka virkan þátt í starfinu næsta árið. Hér eftir sem hingað til.

Takk.

Reykjavík, 27. apríl 2023.

Hlöðver Stefán Þorgeirsson,

formaður Vatns- og fráveitufélags Íslands.